

Mánudaginn 19. október 1964.

Nr. 55/1964. **Gunnar Einarsson**
 og
Vátryggingafélagið h/f
 (Gunnar Guðmundsson hrl.)
 gegn
Esther Edwards Torres og
Francisco Muna Torres
 og gagnsök
 (Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bífreiddar. Skaðabótamál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1964. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti af gagnáfrýjendum, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjendur, sem hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 21. maí 1964, krefjast þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða þeim in solidum kr. 71.700.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 31. maí 1963 til greiðsludags, ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest og aðaláfrýjendum gert að greiða in solidum málskostnað hér fyrir dómi.

Bífreiddaárekstur sá, sem mál þetta er af risið, varð hinn 31. maí 1963 á vegamótum Aðalgötu og Túngötu í Keflavík, eins og í héraðsdómi greinir, er gagnáfrýjandi Esther Edwards Torres ók bífreiddinni JO 472 inn á vegamótin frá norðri, en aðaláfrýjandi Gunnar Einarsson bífreiddinni Ö 627 frá austri. Túngata var á þessum tíma aðalbraut, og á vegamótunum í norðurjaðri Aðalgötu við Túngötu austanverða var umferðarmerki, sett þar af réttum stjórnvöldum, með áletruninni: STANZ — Aðalbraut — STOP, sbr. 2. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 66. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Nefndum aðaláfrýjanda bar því skilyrðislaust að stöðva bifreið sína við vegamótin, gæta ýtrustu varúðar, er hann æki af stað aftur, og víkja fyrir umferð um Túngötu, shr. 2. og 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Aðaláfrýjandi, sem var með áhrifum áfengis, gætti eigi þessara ökureglna, heldur ók án stöðvunar aðgæzlulaust inn á vegamótin, og varð hann að eigin sögn hinnar bifreiðarinnar ekki „var, fyrr en hann fann höggið af árekstrinum“. Á hinn bóginn er eigi í ljós leitt, að ökumanni JO 472 hafi orðið mistök um stjórn bifreiðar sinnar. Samkvæmt þessu telst aðaláfrýjandi Gunnar Einarsson eiga óskipta sök á árekstrinum.

Gagnáfrýjendur hafa sundurliðað bótakröfu sína þannig:

1. Bætur vegna skemmda, sem urðu á bifreiðinni JO 472 við áreksturinn samkvæmt mati dómkvaddra manna	kr. 8.600.00
2. Andvirði muna, sem stolið var úr bifreiðinni eftir áreksturinn, einnig samkvæmt mati dómkvaddra manna	— 5.100.00
3. Bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar JO 472 150 daga	— 15.000.00
4. Þjáningabætur gagnáfrýjanda Esther Edwards Torres	— 25.000.00
5. Læknishjálp og ferðakostnaður	— 8.000.00
6. Ýmis kostnaður vegna meiðsla nefnds gagnáfrýjanda, svo sem greiðslur til þjónustufólks, og svo bætur fyrir atvinnutjón	— 10.000.00

Samtals kr. 71.700.00

Um 1. kröfulið. Fjárhæð þessa kröfuliðar sætir ekki andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu kr. 8.600.00

Um 2. kröfulið. Á það skortir, að í máli þessu hafi verið kannað til hlítar, hvernig háttað var vörzlu bifreiðarinnar JO 472 eftir áreksturinn. Að svo vöxnu máli, þykir efnisdómur eigi verða lagður á kröfulið þenna, og ber því að vísa honum frá héraðsdómi.

<i>Um 3. kröfulið.</i> Bætur samkvæmt þessum kröfulið þykja hæfilega metnar	—	5.000.00
<i>Um 4. kröfulið.</i> Fjárhæð þessa kröfuliðar þykir í hóf stillt, og verður hann því tekinn til greina að fullu	—	25.000.00
<i>Um 5. og 6. kröfulið.</i> Bætur samkvæmt þessum kröfuliðum ákveðast alls	—	7.000.00

Samtals kr.45.600.00

er aðaláfrýjendum ber að greiða gagnáfrýjendum in solidum ásamt 7% ársvöxtum frá 31. maí 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjendur, Gunnar Einarsson og Vátryggingafélagið h/f, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Esther Edward Torres og Francisco Muna Torres, kr. 45.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. maí 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 27. janúar 1964.

Mál þetta var þingfest hér á bæjarþingi föstudaginn 1. nóvember 1963 og er höfðað af stefnendum, hjónunum Torres, með stefnu, útgefinni 25. október 1963, aðallega gegn Gunnari Einarssyni, Sólvallagötu 12, hér í bæ, og Vátryggingafélaginu h/f í Reykjavík, en til vara gegn bæjarstjóranum í Keflavík, Sveini Jónssyni, Hátúni 11, hér í bæ, f. h. Keflavíkurkaupstaðar. Fyrir réttinum gera stefnendur þær dómkröfur, að aðalstefndu verði in solidum dæmdir til að greiða í skaðabætur kr. 71.700.00 með 8% ársvöxtum frá 31. maí 1963 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndu krefjast allir, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda, en til vara, að kröfurnar verði stórlega lækkaðar.

Í réttarhaldi 2. nóvember úrskurðaði hinn reglulegi dómari,

Alfreð Gíslason bæjarfógeti, að þar eð hann ætti sæti í bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og væri forseti hennar og kynni sem slíkur að álitast vilhallur, þætti rétt, að hann viki sæti í málinu ex officio, en engin krafa hafði komið fram um það frá málsaðiljum.

11. nóvember skipaði hið háa ráðuneyti Hákon Heimi Kristjónsson, fulltrúa bæjarfógeta, til þess sem setudómari í Keflavík að fara með og dæma framangreint mál.

Mál þetta var tekið til munnlegs málflutnings í réttarhaldi 20. janúar s.l. og dómtekið að málflutningi loknum.

Málsatvik verða nú rakin af málsskjölum og öðru því, sem fram hefur komið í málinu.

Lögregluskýrslur og sakadómsrannsókn hafa verið lögð fram í málinu. Þar getur, að föstudaginn 31. maí 1963, kl. 2145, hafi verið tilkynnt á lögregluvarðstofuna í Keflavík, að þá skömmu áður hefði orðið árekstur milli bifreiðanna JO 472 (fólksbifreið) og Ö 627 (tankbifreið) á gatnamótum Túngötu og Aðalgötu.

Er lögreglumenn komu á vettvang, var ökumaður tankbifreiðarinnar farinn brott, en vitni kváðu hann hafa verið aðalstefnda Gunnar.

Fólksbifreiðinni hafði verið ekið suður Túngötu af meðstefnanda, Esther Edwards Torres, bandarískri konu, en tankbifreiðinni hafði verið ekið vestur Aðalgötu. Á gatnamótunum höfðu framendar bifreiðanna rekizt saman, og hafði fólksbifreiðin dregizt nokkuð með tankbifreiðinni.

Yfirborð vegar var malarborið og slétt, bjart var af dagsbirtu og veður þurrt. Hemlaför voru ekki sjáanleg.

Sjáanlegar skemmdir á fólksbifreiðinni voru: Vinstri framaurhlíf rifin og beygluð, vinstra ljósker brotið, vélarlok beygluð, framhöggvari brotinn og laus. Á tankbílnum var hægri framaurhlíf beygluð, hægri hurð dælduð og rispuð o. fl.

Hægra megin Aðalgötu við gatnamót Túngötu, miðað við akstursstefnu tankbílsins, var umferðarmerki úreltrar gerðar, þ. e. ferhyrnt, gult spjald með áletruninni: Stanz, aðalbraut, stop.

Vitni kváðu Svavar Ingibersson, sjómann úr Keflavík, hafa verið farþega í tankbílnum, en hann var og farinn af vettvangi, er lögreglan kom.

Leit var þegar hafin að mönnum þessum.

Nokkru fyrir miðnætti kom vitnið Svavar sjálfviljugt á lögregluvarðstofuna og gaf þá skýringu, að stefndi Gunnar væri

hjartaveill. Hefði hann við áreksturinn orðið óttasleginn og hlaupizt á brott, og hefðu þeir orðið viðskila. Vitnið kvað fráleitt, að hann hefði verið með áfengisáhrifum við aksturinn, þar eð þeir hefðu ekki haft neitt vín um hönd. Vitnið kvaðst hins vegar hafa neytt áfengis, skömmu áður en það gaf sig fram. Er vitnið var spurt nánar um ferðir þess og Gunnars fyrir áreksturinn, neitaði það að svara og kvað það óskylt árekstursmálinu.

Nokkru eftir miðnætti gaf Gunnar sig sjálfviljugur fram við lögregluna. Hann kvaðst fyrir um kvöldið hafa verið að áfengisdrykkju í kyrrstæðri bifreið sinni ásamt vitninu Svavari.

Nokkru fyrir áreksturinn kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni af stað heim á leið, og á þeirri leið hefði umferðarslysið orðið.

Gunnar játaði að hafa hlaupizt á brott af ótta vegna áfengisneyzlu sinnar, þar eð hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Gunnar var fluttur til læknis vegna alkóhólrannsóknar, sem síðar sýndi 1.49% útfallsefna í blóði hans.

Daginn eftir var málinu síðan haldið áfram í sakadómi. Vitnið Svavar kvaðst hafa setið hægra megin í tankbílnum. Þeir Gunnar hefðu verið að tala saman og ekki orðið fólksbílsins varir, fyrir en áreksturinn varð. Konan, sem ók fólksbílnum, hefði sagt vitninu, að enginn í þeim bíl hefði meiðzt, en þó hefði hann heyrt, að einhver hefði meiðzt á fæti. Meðan vitnið hefði talað við fólkið, hefði Gunnar horfið brott.

Vitni þetta bar, að Gunnar hefði ekkert áfengi drukkið fyrir áreksturinn.

Gunnar kom þá fyrir rétt og endurtók áður gefna skýrslu sína. Hann kvað fólksbílnum hafa verið ekið hart og á hægri hlið tankbílsins, hann kvaðst hafa setið vinstra megin í tankbílnum og ekki orðið fólksbílsins var fyrir en við áreksturinn.

Vitnið Svavar kom nú aftur fyrir rétt og kvaðst vilja breyta fyrri framburði sínum á þann veg, að hann hefði verið verulega ölvaður, er hann hitti Gunnar, sem hefði ekið honum víðs vegar um Keflavíkurkaupstað tiltekinna erinda. Eftir það hefði Gunnar drukkið með sér úr áfengisflösku í bílnum, og kvaðst vitnið hafa látið það óátalið sökum ölvunar þess.

Stefnandi Esther Torres kom fyrir rétt 28. júní s.l. og bar, að hún hefði í umrætt sinn ekið fólksbílnum JO 472 suður Túngötu. Með henni hefðu verið í bílnum eiginmaður hennar, Fran-

cisco Muna Torres, sjóliði í Bandaríkjaher, barn þeirra 7 mánaða, sem setið hefði í framsæti milli þeirra hjóna, og barn þeirra á 5. ári, sem sat í aftursæti.

Frúin kvaðst hafa stanzað við vefnaðarvöruverzlun skömmu norðar á Túngötunni og síðan ekið hægt að gatnamótunum og ekki með yfir 10 mílna hraða, miðað við klukkustund, er hún kom að gatnamótunum.

Þegar hún kom að gatnamótunum og var að fara fram hjá húsi á vinstri hönd (þ. e. hornhúsinu), sá hún skyndilega rauðan vörubíl (þ. e. tankbílinn), sem ekið var inn á Túngötuna fránni á vinstri hönd.

Hún kvaðst ekki hafa komið auga á tankbílinn, fyrr en aðeins örfá fet voru milli bifreiðanna. Hún kvaðst þá þegar hafa stigið á fóthemla bílsins, en hann þó runnið áfram eftir það um það bil tvö fet. Hún kvaðst álíta, að tankbifreiðinni hefði verið ekið með sýnu meiri hraða en fólksbifreiðinni eða um það bil 15—20 mílna hraða.

Frúin kvað engum togum hafa skipt, að tankbifreiðin rakst með hægra framhorn á vinstra framhorn fólksbifreiðarinnar og sneri henni við á götunni, eins og sjáist á uppdrætti lögreglunnar af staðnum.

Hún kveður tankbifreiðina hafa haldið áfram í það minnsta 10 metra þvert yfir Túngötu, eftir að hún kom auga á hana. Hún kvaðst hafa talað við mann þann, er hún taldi vera öku-mann tankbifreiðarinnar, og spurt hann, hví hann hefði ekki stöðvað við stöðvunarskyldumerkið, og hann svarað því til, að sér þætti það leitt. Hún kvaðst ekki geta sagt til um ástand mannsins, en hann hefði þó ekki verið ósvipaður því að hafa neytt áfengis. Frúin kvað sér hafa verið kunnugt um stöðvunarskyldumerkið á Aðalgötunni og talið öruggt, að tankbifreiðin yrði stöðvuð við gatnamótin.

Frúin kvaðst hafa skrámazt á fæti og kenna til eymsla í baki, en farþegana hefði ekki sakað.

Þá kom stefnandi Francisco Torres fyrir rétt og bar, að tankbifreiðinni hefði verið ekið með 15—20 mílna hraða, en fólksbifreiðinni með u.þ.b. 10 mílna hraða. Fjarlægð milli bílanna hefði vart verið meiri en 10 metrar, er hann kom auga á tankbifreiðina. Stefnandi kvaðst þá strax hafa sagt konu sinni að stanza, en hún hafði þá þegar verið búin að hemla, og fólksbifreiðin hafi verið fullstönzuð, er áreksturinn varð.

Stefnanda virtist stjórnandi tankbifreiðarinnar horfa í aðra

átt og ekki veita fólksbifreiðinni athygli, fyrr en kona hans gaf hljóðmerki, en það kvað hann hafa verið, um leið og hún hemlaði. Stefnandi kveður stjórnanda tankbifreiðarinnar hafa kippzt við og reynt að sveigja bílnum frá fólksbifreiðinni, en hægra framhorn tankbifreiðarinnar hafi rekizt í vinstra framhorn fólksbifreiðarinnar, ýtt framenda hennar til hægri og dregið hana með sér nokkurn spöl, unz tankbifreiðin staðnæmdist uppi á gangstétt, eins og sjáist á uppdraetti lögreglunnar.

Stefnandi kveðst þegar hafa farið út úr bifreiðinni og gengið að tankbifreiðinni, og hafi stjórnandi hennar þá enn setið undir stýri hennar, en komið út, og hafi þau hjónin farið að tala við hann. Eftir smástund hafi hann verið horfinn brott af vettvangi.

Stefnandi kveðst hafa fundið áfengisþef af vitum stjórnanda tankbifreiðarinnar, og útlit hans hefði gefið til kynna, að hann hefði neytt áfengis án þess þó að vera ölvaður, hann hefði gert sér fulla grein fyrir því, sem skeð hefði, og látið í ljós hryggð sína yfir því.

Stefnandi kvaðst ekki hafa séð neinn í tankbifreiðinni annan en stjórnanda hennar.

Við frekari rannsókn í sakadómi bar stefndi Gunnar, að hann hefði í umrætt sinn hagað akstri sínum í samræmi við margnefnt umferðarmerki og stöðvað bílinn, er hann kom að gatnamótunum, en síðan ekið hægt af stað út í Túngötuna. Þá kvað hann fólksbílnum ekki hafa verið hemlað fyrir áreksturinn. Sjálfur hefði hann ekið eins utarlega á sínum vinstra vegarhelmingi og honum var unnt, og fólksbílnum hefði verið ekið á tankbílinn, en ekki öfugt. Ekki kvaðst stefndi hafa heyrt hljóðmerki frá fólksbílnum og ekki hefði hann talað við fólkið úr þeim bíl, því hann kunni ekki enska tungu, en hann hafi gengið að fólksbílnum eftir áreksturinn og stefnandi Francisco þá verið að stíga út úr honum.

Vitnið Svavar kom enn fyrir rétt og kvaðst ekki halda, að stefndi Gunnar hefði stöðvað tankbílinn við umferðarmerkið. Vitnið taldi fólksbílnum ekið nokkuð greitt fyrir áreksturinn og markar það af þunga áreksturshöggsins.

Frekari rannsókn á þáttum slyss þessa fór fram hér á bæjarþinginu.

20. nóvember s.l. kom Esther Torres málsaðili fyrir rétt og bar, að hún hefði komið til Íslands 11. apríl s.l. og búið síðan í Kefla-

víkurkaupstað fram yfir slysdaginn, og þenna tíma hafi hún ekið meira og minna um Keflavík, en ökuréttindi hafi hún haft undanfarin 11 ár.

Enn kvaðst frúin finna til aftan í hálsi, og kvaðst hún ekki geta lyft ungbarni sínu upp án kvala í hálsinum. Þá kvaðst hún og ekki hafa náð fullum mætti í vinstri handlegg, og erfitt sé fyrir hana að rísa upp eftir að hafa lagt sig út af.

Frúin kvaðst hafa farið þrisvar til Reykjavíkur til að tala við sérfræðinga og til myndatöku vegna slyssins. Einnig hefði hún farið nokkrum sinnum til Reykjavíkur vegna lögfræðiaðstoðar. Ekki kvaðst hún hafa getað sameinað erindi þessi í ferðunum.

Þá kvaðst frúin hafa orðið að kaupa heimilisaðstoð vegna slyssins, svo sem til þvotta, barnagæzlu, ræstingar o. þ. h., og kvað í því sambandi varnarliðsmenn aðeins hafa aðgang að þvottahúsi hersins, ef þeir búi á Keflavíkurflugvallarsvæðinu.

Frúin kvaðst ekki hafa unnið utan heimilis síns hér á landi.

Sama dag kom Francisco Torres stefnandi fyrir rétt.

Hann bar, að samdægurs eftir áreksturinn hefði hann látið flytja bíl sinn inn á flugvallarsvæðið og síðan haft samband við vitnið Hafstein Magnússon hér í bæ, umboðsmann stefnda Vátryggingafélagsins h/f, en hjá því félagi var tankbifreiðin tryggð.

Stefnandi kvað vitnið Hafstein hafa komið heim til sín og kynnt sig sem umboðsmann vátryggingafélagsins. Hann hafi ekki boðið bætur fyrir hönd félagsins, en gefið sér upp símanúmer þess í Reykjavík.

Þá kvað stefnandi bíl sinn vera hafðan til einkaafnota sinna og fjölskyldu sinnar, ekki notaðan í atvinnuskyni, en samt notaðan til að komast í og úr vinnu. Þá kvaðst hann og borða heima hjá sér og því fara fleiri en eina ferð á dag á vinnustað á Keflavíkurflugvelli. Síðan hann missti afnot bílsins, hafi hann notað leigubíla, því strætisvagnaferðir hafi ekki verið á hentugum tíma fyrir sig. Strætisvagnar gangi á klukkutíma fresti, en ekki séu ferðirnar á hentugum tíma fyrir sig, en þær séu ókeypis. Stefnandi kvað ferðir þessar fyrst og fremst ætlaðar íslenzku starfsliði á flugvallarsvæðinu og að vagnarnir staðnæmist ekki alltaf til að taka upp varnarliðsmenn.

Þá kvað stefnandi þá reglu gilda, að fjölskyldumenn þurfi að greiða fyrir þvott, þveginn á Keflavíkurflugvelli.

Vitnin Sigurður Gíslason og Bóas Valdórsson bifvélavirkjameistarar staðfestu framlagða matsgerð og lýstu vegsummerkj-

um þannig, að sennilegt má telja, að brotízt hafi verið inn í bíl stefnanda og úr honum stolið.

Þá kom vitnið Hafsteinn Magnússon fyrir rétt og bar, að hann hefði aldrei verið umboðsmaður stefnda Vátryggingafélagsins h/f, en hins vegar hafi vinnuveitandi hans, Magnús Björnsson, eitthvað starfað óformlega á vegum félagsins.

Vitnið kvað stefnanda Francisco hafa komið til sín á vinnustað og hafi þá verið búinn að fréttu einhvers staðar frá, að vitnið hefði að einhverju leyti verið umboðsmaður félagsins. Þetta hafi ekki verið sama dag og slysið varð.

Vitnið kvað stefnanda hafa viljað fá tjón sitt bætt, og kvaðst vitnið hafa hringt í vitnið Einar Markússon, skoðunarmann hjá Vátryggingafélaginu h/f, og spurt hann, hvað gera skyldi.

Vitnið kvað Einar hafa sagt sér, að ekkert væri hægt að gera í málinu, fyrr en lögreglurannsóknarskýrslur lægju fyrir.

Vitnið kveður stefnandann oft hafa komið að máli við sig vegna þessa, en kvaðst hafa gert honum skiljanlegt, að hann væri ekki í fyrirsvari fyrir tryggingafélagið. Vitnið kveður stefnanda hafa sagzt vilja fá bíl hjá tryggingafélaginu til að fara á til og frá vinnustað, og segist vitnið hafa hringt aftur í Einar skoðunarmann þess vegna og sagt honum m. a., að stefnandinn væri hræddur um, að úr bílnum yrði stolið, þar sem hann stæði á flugvallarsvæðinu.

Vitnið kveður Einar þá hafa sagt sér að sækja bílinn upp á flugvöll og flytja hann að Sprautuverkstæði Suðurnesja við Flugvallarveg, en þar ætti að gera við bílinn, ef það kæmi í hlut tryggingafélagsins.

Ekki kvaðst vitnið muna, hvenær það flutti bílinn, en stefndi Vátryggingafélagið h/f gæti upplýst það.

Vitnið kvað ekki hafa verið búíð að brjótast inn í bílinn, er það flutti hann, og munir þeir, sem stolið var úr honum, hefðu þá verið í honum.

Vitnið kvaðst hafa beðið verkstæðisformanninn að annast bílinn.

Vitnið Jóhanna Friðriksdóttir, til heimilis í sama húsi og stefnendur hér í bæ, kom fyrir rétt og bar, að stefnendur hefðu greitt bæði henni og dóttur hennar fyrir veitta húshjálp, þvotta, barnagæzlu o.þ.u.l., en ekki kvaðst vitnið geta tilgreint fjárhæðir í þessu sambandi.

Þá kvaðst vitnið vita til, að stefnendur hefðu einnig látið þvo fyrir sig á Keflavíkurflugvelli, en ekki hvort það hefði

verið gegn gjaldi, en þvottar stefnenda séu verulegir, þar eð þau eiga ungbarn.

Vitni þetta kvaðst halda, að stefnandi hafi notað strætisvagna til að komast til og frá vinnustað, en þó einnig stöðvarbíla, einkanlega frúin. Eftir að stefnendur hafi misst afnot bílsins, hafi maðurinn ekki komið að jafnaði heim í matmálstíma, áður hefði hann ýmist komið í mat eða ekki.

Í síðara þinghaldi kom vitnið Einar Markússon frá Kópavogi fyrir rétt og bar, að vitnið Hafsteinn hefði haft samband við sig tveimur til þremur dögum eftir margnefnt umferðarslys, en þá höfðu engar lögregluskýrslur enn borizt Vátryggingafélaginu h/f.

Vitnið kvað Hafstein hafa spurt sig, hvort ekki mætti gera við bílinn á Sprautuverkstæði Suðurnesja, og kvaðst vitnið hafa samþykkt verkstæðið sem slíkt, en ekki lofað bótaskyldu félagsins, því ekki væri enn hægt að taka afstöðu í málinu. Þá kvað vitnið sér á þessu stigi málsins hafa verið ókunnugt um, að bíllinn hefði verið fluttur inn á flugvallarsvæðið.

Aðspurt kvað vitnið Vátryggingafélagið h/f hafa átt viðskipti við nefnt bílaverkstæði.

Ekki kvaðst vitnið minnst þess, að minnzt hefði verið á, að stefnandi hræddist, að úr bílnum yrði stolið.

Aðspurt sagði vitnið, að stundum gæfu vátryggingafélög fyrir-mæli um meðferð bíla, sem gera þyrfti við, áður en lögregluskýrslur bærust, en slík fyrir-mæli væru alltaf gefin með fyrirvara, varðandi bótaskyldu félaganna. Jafnvel annist tryggingafélögin stundum alla viðgerð.

Vitnið kvað vitnið Hafstein aldrei hafa sér vitanlega verið umboðsmaður Vátryggingafélagsins h/f.

Vitnið Einar og Hafsteinn voru samprófuð vegna ágreinings í framburði þeirra, og náðist samræmi ekki í framburðinn.

Þar eð sáttaumleitan dómara var árangurslaus, fór fram munnlegur málflutningur í málinu. Tók fyrstur til máls umboðsmaður stefnanda og lýsti kröfum, rakti málsatvik og réttarskjöl.

Lagði lögmaðurinn áherzlu á, að stefndi Einar bæri einn sök á umferðarslysinu, hann hefði verið verulega ölvaður við aksturinn og ekið inn á aðalgötu.

Síðan talaði verjandi stefndu, Gunnars og Vátryggingafélagsins h/f, og taldi sök umferðarslyssins hjá stefnanda frú Torres; lagði áherzlu á, að hún hefði í umrætt sinn ekki verið í umferðarrétti og stefndi Gunnar ekki getað forðað slysi.

Þá talaði lögmaður stefnda Keflavíkurbæjar og hélt uppi sömu rökum, varðandi sök stefnda Gunnars, og lögmaður sækjanda, en taldi frúna þó hafa verið í nokkurri sök og að skipta bæri tjóninu á milli þeirra.

Lögmennirnir töluðu því næst aftur og lögðu málið að svo komnu í dóm.

Svo sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að stefndi Gunnar á meginþátt í slysi því, sem varð á gatnamótum Aðalgötu og Túngötu 31. maí s.l. og mál þetta er sprottið af. Ekki verður þó hjá því komið að telja stefnanda frú Torres bera einnig nokkra sök á því, er hún sér, að eigin sögn, bíl stefnda Gunnars ekki, fyrr en aðeins örfá fet voru á milli bifreiðanna, og rennur bíllinn áfram lítið eitt, eftir að hún hemlar. Þykir eftir ástæðum rétt að skipta tjóninu þannig, að stefnendur beri sjálfir fimmtung tjóns síns.

Verða fjárkröfur stefnenda þá raktar:

1. Viðgerðarkostnaður vegna skemmda á bíl stefnenda samkvæmt mati dómkvaddra manna; verður hann tekinn allur til greina með kr. 8.600.00.

2. Viðgerðarkostnaður vegna ætlaðs þjófnaðar úr bílnum.

Komið er fram í málinu, að bíllinn var fluttur á bílaverkstæði í Keflavík, sem stefndi Vátryggingafélagið h/f gat sætt sig við, af þeim eina aðilja hér í bæ, sem það virðist hafa haft samband við vegna slyss þessa. Virðist ljóst, að tryggingafélagið hefur ætlað honum að gæta hagsmuna þess, en hefði ella falið öðrum það verk. Því verður að telja bíllinn hafa verið á verkstæðinu á ábyrgð tryggingarfélagsins, er munum þeim var stolið úr bílnum, sem kröfuliður þessi getur um. Líður þessi verður tekinn til greina að öllu leyti með kr. 5.100.00.

3. Dagpeningar vegna afnotamissis af bíl stefnenda.

Dómarinn fellst ekki á með stefnanda, að hann hafi ekki getað notað strætisvagnaferðir að og frá vinnustað sínum, og tekur lið þenna til greina með kr. 2000.00.

4. Þjáningabætur til frú Torres.

Slys það, sem hér um ræðir, varð 31. maí s.l. 28. júní kemur frú Torres fyrir rétt og ber, að hún hafi við áreksturinn skráðmætt á fæti og hún kenni til eymsla í baki. 18. ágúst skoðar læknir frúna og kveður vinstra viðbein hennar brotið, en þó nú gróið, og hafi það gróið skakkt saman, þannig að stytting hafi orðið á beininu, enn fremur séu óeðlileg eymsli yfir hálsliðum hennar, og sjáist sprungur í þvertinda í hálsliðunum, en

ekki virðist skekkja í þeim brotum. 23. október er frúin enn skoðuð, og eru hreyfingar í vinstri axlarlið enn sárar og vinstri handleggur ekki fullsterkur. Læknirinn telur frúna munu ná sér alveg, þótt það kunni að taka nokkurn tíma. 20. nóvember kemur frúin fyrir rétt og kveðst enn finna til aftan í hálsi og ekki hafa fengið fullan mátt í handlegginn enn.

Dómarinn fellst á, að meiðsli þessi, sem hér getur, stafi af nefndu umferðarslysi og tekur lið þenna til greina með kr. 20.800.00.

5. Læknishjálp og ferðakostnaður.

Liður þessi er engum gögnum studdur, en ljóst er þó, að stefnendur hafa orðið fyrir útgjöldum vegna þessa, og þykir hæfilegt að taka liðinn til greina með kr. 1500.00.

6. Ýmislegur kostnaður, svo sem keypt heimilisaðstoð, atvinnumissir o. fl. Liður þessi er litlum gögnum studdur, og telst hæfilegt að taka hann til greina með kr. 2.000.00.

Varastefndi, bæjarsjóður Keflavíkur, skal sýkn af kröfu stefnenda, enda ber að líta svo á, að aðalbrautarréttur hafi gilt á Túngötu, er umferðarslys það varð, er mál þetta spannst af.

Málskostnaður gagnvart varastefnda, bæjarsjóði Keflavíkur, falli niður.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu, Gunnar Einarsson og Vátryggingafélagið h/f, til að greiða stefnendum, herra og frú Torres, in solidum kr. 32.000.00 auk 8% ársvaxta frá 31. maí 1963 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Einarsson og Vátryggingafélagið h/f, skulu in solidum greiða stefnendum, herra og frú Torres, kr. 32.000.00 auk 8% ársvaxta frá 31. maí 1963 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.
